

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. nóvember 2015  
Tilvísun: 2015110003/22.2  
Verknúmer: 1083000

## **Efni: Umsögn Orkustofnunar um tillögu að matsáætlun fyrir Sprengisandslínu, 220 kV háspennulínu Landsnets um Sprengisandsleið**

Vísað er í bréf Skipulagsstofnunar dags. 29. október sl., þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um tillögu að matsáætlun fyrir *Sprengisandslínu* með vísan til 2. mgr. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og 15. gr. reglugerðar nr. 1123/2005. Reglugerðin var felld úr gildi þann 3. júlí sl. með nýrri reglugerð nr. 713/2015 en samkvæmt 8. gr. hennar er það *hlutverk umsagnaraðila* að veita Skipulagsstofnun m.a. umsagnir um matsskyldu framkvæmda, tillögur að matsáætlun og frummatsskýrslur, hvað varðar þau atriði sem falla undir starfssvið þeirra, sbr. 12.-14. gr., 17. gr. og 24. gr. reglugerðarinnar. Í umsögn skal koma fram hvort tilkynning geri nægilega grein fyrir framkvæmd, umhverfi, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á og hvort og þá á hvaða forsendum umsagnaraðili telur að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum út frá þeim atriðum sem falla undir starfssvið umsagnaraðila. Jafnframt skal gera grein fyrir viðeigandi leyfum sem eru á starfssviði þeirra aðila sem umsagnar hefur verið leitað hjá, þegar það á við.

Samkvæmt ákvæðum raforkulaga nr. 65/2003, 9. gr. a, skal flutningsfyrirtækið [Landsnet ] leggja árlega fyrir Orkustofnun til samþykktar kerfisáætlun um uppbyggingu flutningskerfisins. Í kerfisáætlun skulu felast m.a. langtímaáætlun sem sýnir þá þætti í meginflutningskerfinu sem fyrirhugað er að byggja upp eða uppfæra á næstu tíu árum og tímaáætlun þeirra. Sprengisandslína gæti orðið hluti af þeirri áætlun, en Orkustofnun fer yfir og samþykkir kerfisáætlun flutningsfyrirtækisins með hliðsjón af markmiðum um öryggi, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, hagkvæmni, gæði raforku og stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, sbr. 9. gr. b. raforkulaga.

Markmið raforkulaga er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Í því skyni skal m.a. stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku og tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda í því sambandi. Til álita gæti komið að leggja háspennulínu um Sprengisand, til þess að ná þessum markmiðum raforkulaganna, en aðrir kostir yrðu að styrkja byggðalínu, sem einnig hefðu umhverfisáhrif í för með sér m.a. á viðkvæmum svæðum og í byggð. Í því sambandi er mikilvægt að horfa til þess að flutningur raforku um landið verði ekki rofinn þannig að landssvæði einangrist þegar byggðalína rofnar með takmörkuðu öryggi kerfisins við slíkar aðstæður.

Fram kemur í tillögu Landsnets að matsáætlun fyrir Sprengisandslínu, að tilgangur hinna fyrirhuguðu framkvæmda sé að bæta raforkukerfi landsins, tryggja stöðugleika og auka flutningsgetu, öryggi raforkuafhendingar og gæði raforku. Bent er á að núverandi ástand flutningskerfisins hamli atvinnuuppbyggingu, rafvæðingu fiskiðjuvera og virkri afhendingu raforku á landinu. Orkustofnun tekur undir þessi sjónarmið og bendir á að stofnunin hafi sjálf vakið athygli stjórnvalda á að núverandi flutningskerfi uppfylli ekki markmið raforkulaga, eins og þeim er lýst hér að ofan.

Í umræddri frummatsskýrslu kemur fram að lagt verði mat á gróður, fuglalíf, jarðmyndanir, fornleifar, svæði á náttúru-minjaskrá og náttúruverndaráætlun, víðerni, neysluvatn og vatnsvernd á hinni fyrirhuguðu línuleið, auk þess sem áhrif á landslag og ásýnd verði metin, og hagrænir og félagslegir samfélagsþættir.

Fram kemur að lagðir eru fram þrjú valkostir fyrir legu hinnar fyrirhuguðu línu, auk þess sem greint verður frá þeim möguleika að styrkja byggðalínuna (hringtengingu í byggð) í stað þess að leggja Sprengisandslínu.

Orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd kerfisáætlunar, þegar hún hefur verið samþykkt af stofnuninni og skal meta hvernig henni er fylgt eftir. Orkustofnun er heimilt að krefjast þess að flutningsfyrirtækið geri breytingar á kerfisáætlun eftir því sem stofnunin telur þörf á.

Samkvæmt 9. gr. c. raforkulaga ber s veitarstjórnnum m.a að samræma skipulagsáætlanir vegna verkefna í staðfestri tíu ára kerfisáætlun. Einnig ber sveitarstjórnnum að tryggja að skipulagsákvæðanir hindri ekki framgang þeirra verkefna sem eru í staðfestri þriggja ára framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar. Ákveða skal legu flutningslína í skipulagi að fenginni tillögu flutningsfyrirtækisins í samræmi við kerfisáætlun, að höfðu samráði þess og skipulagsyfirvalda. Um málsmeðferð fer að öðru leyti samkvæmt skipulagslögum eftir því sem við á, að teknu tilliti til stefnu stjórnvalda um lagningu raflína og markmiða kerfisáætlunar, sem Orkustofnun samþykkir, eins og áður sagði, en Orkustofnun er ekki lengur leyfisveitandi einstakra flutningslína eftir þær breytingar sem gerðar voru á raforkulögum, með lögum nr. 26/2015, þegar unnt var að kæra ákvarðanir Orkustofnunar varðandi leyfisveitingu, af eða á, til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 2. mgr. 37. gr. raforkulaga. Ákvörðun Orkustofnunar um samþykkt eða synjun kerfisáætlunar er nú kæránleg til úrskurðarnefndar raforkumála, sbr. 30. gr. raforkulaga. Víki ný flutningslína frá kerfisáætlun gildir þó fyrri fyrirskipan mála og kemur þá til leyfisveitingar Orkustofnunar

Orkustofnun gerir ekki athugasemdir við tillögu að matsáætlun Landsnets fyrir Sprengisandslínu, 220 kV háspennulínu sem tengir flutningskerfið milli Norður og Suðurlands um Sprengisandsleið. Að mati Orkustofnunar, með vísan til 15. gr. reglugerðar nr. 743/2015, gerir skýrslan fullnægjandi grein fyrir meginþáttum framkvæmdarinnar þannig að hægt sé að fá yfirlit yfir hina fyrirhuguðu framkvæmd, áhrifasvæði hennar og helstu áhersluþætti umhverfismats hennar.

Orkustofnun bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Skipulagsstofnun, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til kerfisáætlunar á grundvelli raforkulaga.

Að öðru leyti hefur Orkustofnun ekki frekari athugasemdir fram að færa.

Virðingarfyllt  
f. h. orkumálastjóra

Skúli Thoroddsen

Kristinn Einarsson